



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð Skólanefnd

5.fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 7. mars 2011 kl. 15:30

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður, Eyþór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Friðrik Jakobsson og Arnfríður Anna Jónsdóttir. Einnig voru mættar Sólveig Jónsdóttir skólastjóri, fulltrúi foreldra Sigríður Sigmundsdóttir og fulltrúi kennara Auður Jónsdóttir. Hulda Harðardóttir fyrir hönd Leiskólans Yls kom síðar inn á fundinn.

1. **Fundarsetning.** Þuríður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og skipaði Arnfríði fundarritara.
2. **Skipulag Reykjahlíðarskóla 2011-2012**
 - a. Skóladagatal. Sólveig fór yfir skóladagatal næsta vetrar og svaraði fyrirspurnum nefnarmanna þar um. Engar athugasemdir komu fram og það samþykkt.
 - b. Skipting námshópa/kennslumagn. 46 nemendur munu sækja skólann næsta skólaár, það vitað er. Sólveig leggur til eftirfarandi skiptingu í námshópa:
 - 1.-2. bekkur verði einn námshópur með einn umsjónarkennara
 - 3.-6. bekkur verði einn námshópur með einn umsjónarkennara
 - 7.-8. bekkur verði einn námshópur með einn umsjónarkennara
 - 9.-10. bekkur verði einn námshópur með einn umsjónarkennaraUndanfarin ár hafa fyrstu þrír árgangarnir verið einn námshópur. Eins og staðan er í dag verðu einn nemandi í 3.bekk næsta vetur og til þess að hann fá nám við hæfi er talið betra að hann sé með eldri nemendum í námshópi. Skólanefnd samþykkir tillögu Sólveigar um námshópa.

Sólveig leggur til að kennslumagn næsta skólaár verði 175 kennslustundir og samþykkir skólanefnd þá tillögu.

- c. Starfsmannamál. Sólveig sagði frá því að komið væri uppsagnarbréf frá Guðnýju Jónsdóttur, en hún segir stöðu sinni lausri vegna aldurs. Einnig hefur Bjarni Páll Vilhjálmsson tilkynnt Sólveigu, munnlega, að hann hyggist segja sinni stöðu lausri. Á þessu má sjá að ráða þarf í tvær kennarastöður fyrir næsta skólaár. Sólveig veit ekki til að aðrir starfsmenn hugsi sér til hreyfings.
- d. 25 nemendur munu þurfa skólaakstur næsta skólaár, 18 sunnan vatns og 7 norðan vatns. Sólveig leggur til að skólaakstur verði með svipuðu sniði og undanfarin ár þ.e. tvo daga ein heimferð og þrjá daga tvær heimferðir. Einnig lagði Sólveig fram áætlun um fjölda nemenda og skólaakstur nokkur ár fram í tímann. Nokkrar umræður urðu um nýtingu fyrri ferðar sem hefur ekki verið frekar léleg og hvort ekki væri rétt að fella hana niður og koma til móts við nemendur með lengdri viðveru.
- e. Heilsdagsvistun eða lengd viðvera. Skólanefnd óskar eftir því við sveitarstjórn að kannaður verði möguleiki, fyrir næsta vetur, á lengdri viðveru nemenda 1.-7.bekkjara fram að heimferð skólabíls kl.15:10.
- f. Viðhald húsnæðis. Sólveig sagði frá og lagði fram bréf frá heilbrigðisfulltrúa um þær úrbætur sem hann fram á. Sagði hún málið komið til Böðvars Péturssonar sem væri formaður nefndar með eftirliti með húseignum sveitarfélagsins. Hún sagði einnig frá því að gert hefði verið svokallað áhættumat og ýmsar athugasemdir komið þar fram. Ásdís Illugadóttir hafi umsjón með því og margt sem þar var bent á að betur mætti fara væri búið að laga.

Sólveig og Auður yfirgáfu fundinn .

Hulda Harðardóttir kom inn og sat næsta lið.

3. Leikskólinn Ylur 2011-2012

- a. Þuríður las bréf frá sveitastjórn dags. 3.mars 2011, þar sem fundargerð skólanefndar frá 7.febrúar er tekin fyrir. Má segja að þar sé skólanefnd gefin lítil svör við þeim tillögum sem fram komu á síðasta fundi. Fundarmenn óska eftir því að greinarbetri og ákveðnari svör berist frá sveitastjórn við þeim tillögum sem koma frá nefndinni.

Fulltrúi foreldra, Sigríður Sigmundsdóttir, kom á framfæri fyrirspurn um það hvort ekki væri hægt að samræma starfsdaga í leikskóla og verarfrí í Reykjahlíðarskóla og sagðist Hulda muni koma þeirra fyrirspurn inn á starfsmannafund leikskólans. Hulda vék af fundi.

4. Tónlistarskólinn

- a) Á síðasta fundi var formanni falið að kanna hver staða í ráðningarmálum tónlistarskólastjóra væri. Ekki er vitað annað en að Tarvo komi aftur til starfa. Heimild er fyrir meira en einu starfi við tónlistarskólann.

Sigríður vék af fundi.

5. Önnur mál

- a. Námskeið fyrir skólanefndarmenn verða haldin um allt land og frá 4.apríl til 6.maí og er nefndarmönnum heimilt að sitja námskeið hvar sem er á landinu. Þuríður sýndi áhuga á að fara á Egilstaði, en aðrir fundarmenn sýndu lítinn áhuga.
- b. Skil á fundargerðum. Það þarf að vera hægt að taka fundargerðir fyrir á næsta sveitastjórnarfundum eftir skólanefndarfundum. Siggí vill losna undan starfi fundarritara og enginn fundramanna treystir sér í starfið. Skólanefnd óskar eftir því við sveitastjórn að fenginn verði sérstakur fundarritari inn á skólanefndarfundum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:20